

## Ályktun - Tillaga um að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á haustþingi

Á vorþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 12. apríl 2023 var samþykkt að á haustþingi verði rædd málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða með það að markmiði að efla starfsemi eftirlitsins til að gera því kleift að sinna öllum þeim skyldum sem á eftirlitinu hvíla.

Þá er sérstaklega horft til umhverfiseftirliti og hreinsunar lóða og lenda til að unnt sé að fylgja eftir að fjarlægja númerslausar bifreiðar, brotajárnshauga og annað sem safnast hefur upp á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Stjórnsýslan í kringum ferilinn að fjarlægja númerslausar bifreiðar er orðin viðamikil og flókin og telur Heilbrigðisnefnd Vestfjarða nauðsynlegt að bæta við starfsmanni hjá eftirlitinu til að annast þennan málaflokk svo sómi sé að. Slík ráðning kallar á aukið fjármagn frá sveitarfélögum og því nauðsynlegt að ræða málefni Heilbrigðiseftirlitsins á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Í fundargerð Heilbrigðisnefndar frá 07.09.2023 sem send hefur verið öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum kom fram í greinargerð með fjárhagsáætlun rökstuðningur fyrir því að bæta við starfsmanni hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Þar kemur fram að fyrirsjáanlegt er að eftirlitið kemst ekki yfir þau verkefni sem það á að sinna samkvæmt lögum með núverandi mönnun.

Úr greinargerð: „Í fjárhagsáætlun 2024 er lagt til að starfsmenn heilbrigðiseftirlits verði 3. Starfsmannapörf eftirlitsins samkvæmt fyrirtækjaskrá er 1770 einingar, með núverandi starfsmannafjölda höfum við til ráðstöfunar 1320 einingar, með viðbótarheilbrigðisfulltrúa verða virkar vinnustundir við eftirlit 1782.“ Jafnframt var lagt til að gjaldskrá verði endurnýjuð og innheimtu breytt.

Hér með er tillaga frá vorþingi lögð fram að nýju ásamt fylgigögnum og óskað eftir samþykki Fjórðungsþings að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á þinginu í samhengi við aðra umfjöllun um umhverfi og ímynd Vestfjarða þannig að tryggt sé að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Fyrir hönd Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis

Anton Helgason, framkvæmdastjóri

Lilja Magnúsdóttir, nefndarmaður í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

Flutningsmaður: Lilja Magnúsdóttir